

Miðvikudaginn 31. janúar 1968.

Nr. 21/1966.

Ólöf Guðmundsdóttir
Guðrún Sigurðardóttir

Agnes Sigurðardóttir

Þórður Sigurðsson

Leifur Sigurðsson

Karl Sigurðsson

Rafn Sigurðsson

Ástheiður Sveinsdóttir fyrir hönd

sína og ófjárráða dætra sinna, Helgu Jónu

Ólafsdóttur, Ólafar Eddu Ólafsdóttur og

Þóru Ólafsdóttur

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Andrésí Péturssyni Matthíassyni

Jóhannesi Helga Jónssyni (enginn).

svo og

Arnbirni Kristinssyni og

Sigurjóni Kristinssyni, persónulega og fyrir
hönd Setbergs s/f (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Sýknað af kröfu um greiðslu fégjalds.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. janúar 1966, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. febrúar 1966 og gert þær dómkröfur:

1. Að staðfest verði niðurstaða héraðsdóms um ómerkingu ummæla.
2. Að refsing stefnda Jóhannesar Helga Jónssonar verði hækkuð frá því, sem greinir í héraðsdómi.
3. Að hinum stefndu Andrésí Péturssyni Matthíassyni og eigendum Setbergs s/f, þeim Arnbirni Kristinssyni og

Sigurjóni Kristinssyni, verði einnig refsað fyrir ummælin og útbreiðslu þeirra.

4. Að allir hinir stefndu verði óskipt dæmdir til að greiða áfrýjendum kr. 100.000.00 í fégjald samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
5. Að þeir verði óskipt dæmdir til að greiða áfrýjendum kr. 5.000.00 til að standast kostnað af birtingu dóms í máli þessu.
6. Að þeim verði óskipt gert að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu hafa eigi sótt dómþing Hæstaréttar, þótt þeim hafi verið löglega stefnt, og er málið því dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Áfrýjandi Ástheiður Sveinsdóttir fyrir hönd sína og ófjárráða dætra sinna, Helgu Jónu, Ólafar Eddu og Þóru Ólafsdætra, á ekki aðild máls þessa, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 19/1940.

Ummæli þau í bókinni „Hin hvítu segl“, sem stefndu eru saksóttir fyrir, eru rakin í héraðsdómi. Þau eru niðrandi fyrir minningu Sigurðar heitins Hallbjarnarsonar og varða hina stefndu Andrés Pétursson Matthíasson sem sagnamann, Jóhannes Helga Jónsson sem höfund nefndrar bókar svo og Arnbjörn Kristinsson og Sigurjón Kristinsson sem útgefendur bókarinnar refsingu samkvæmt 234. gr. og 240. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 og 13. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt. Refsing hvers þeirra ákveðst 4.000 kr. fésekt til ríkissjóðs, sem afplánist 6 daga varðhaldi, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla staðfestast.

Lagaskilyrði brestur til þess að dæma áfrýjendum fégjald úr hendi stefndu vegna hinna niðrandi ummæla, sbr. 264. gr. laga nr. 19/1940.

Dæma ber hina stefndu Andrés Pétursson Matthíasson, Jóhannes Helga Jónsson, Arnbjörn Kristinsson og Sigurjón Kristinsson til þess að greiða áfrýjendum Ólöfu, Guðrúnu, Agnesi, Þórði, Leifi, Karli og Rafni fjárhæð, kr. 2.000.00, til að standast kostnað af birtingu á forsendum héraðsdóms og

forsendum og dómsorði Hæstaréttar í máli þessu, sbr. 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að framangreindir stefndu greiði framangreindum áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Stefndu Andrés Pétursson Matthíasson, Jóhannes Helgi Jónsson, Arnbjörn Kristinsson og Sigurjón Kristinsson greiði hver um sig 4.000 króna fésekt til ríkissjóðs, sem afplánist 6 daga varðhaldi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla staðfestast.

Stefndu eiga að vera sýknir af kröfu áfrýjenda um greiðslu fégjalds samkvæmt 264. gr. laga nr. 19/1940.

Stefndu Andrés Pétursson Matthíasson, Jóhannes Helgi Jónsson, Arnbjörn Kristinsson og Sigurjón Kristinsson greiði áfrýjendum Ólöfu Guðmundsdóttur, Guðrúnu Sigurðardóttur, Agnesi Sigurðardóttur, Þórði Sigurðssyni, Leifi Sigurðssyni, Karli Sigurðssyni og Rafni Sigurðssyni kr. 2.000.00 til að standast kostnað af birtingu forsendna héraðsdóms og forsendna og dómsorðs Hæstaréttar í máli þessu og svo kr. 15.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. apríl 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 31. f. m., höfðuðu Ólöf Guðmundsdóttir, Vesturgötu 17, Guðrún Sigurðardóttir, Kirkjubraut 5, Agnes Sigurðardóttir, Hjarðarholti 18, Sigrún Sigurðardóttir, Skólabraut 2, Þórður Sigurðsson, Vesturgötu 17, og Ólafur

Sigurðsson, Krókatúni 9, öll á Akranesi, Leifur Sigurðsson, Akurgerði 14, og Karl Sigurðsson, Stóragerði 38, báðir í Reykjavík, og Rafn Sigurðsson, Álfaskeiði 41, Hafnarfirði, fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 10. apríl 1963 og birtri 16., 23. og 30. s. m. á hendur þeim Andrési Péturssyni Matthíassyni, Túngötu 18, Keflavík, Jóhannesi Helga Jónssyni, Tjarnarbraut 27, Hafnarfirði, svo og þeim Arnbirni Kristinssyni, Nesvegi 9, og Sigurjóni Kristinssyni, Kaplaskjólsvégi 5, báðum hér í borg, persónulega og fyrir hönd Setbergs s/f, Freyjugötu 14 hér í borg.

Málavextir eru þeir, að í desembermánuði árið 1962 gaf Setberg s/f út bókina „Hin hvítu segl. Æviminningar Andrésar Péturssonar Matthíassonar eftir Jóhannes Helga“, eins og segir á titilblaði bókarinnar. Á bls. 55—57 í bókinni eru eftirfarandi ummæli:

„Gísli hræðist ekki neitt í þessum heimi. Og þá ekki Sigurður skurður. Þeim manni stendur ekki ógn af nokkrum sköpuðum hlut, hvorki á himni né jörðu, hann étur hákarl og drekkur brennivín og lýsi og treður illsakir við báða heimana, og þegar refsingin kemur yfir hann og skip hans er að brotna undir honum, þá kastar Sigurður skurður fram vísu. Makalaus maður, Sigurður Hallbjarnarson. Hann stendur gjallandi upp í andlitið á mönnum og gerir grín að þeim, setur sig aldrei úr færi að eignast óvin og verður vel ágengt, harðduglegum manninum til orðs og æðis. Jón Pálmason á Súgandafirði er einn þeirra, sem Sigurði tekst að egna til fjandskapar við sig, og sá fjandskapur nær yfir landamæri lífs og dauða, Jón drukknar, og ári síðar þegar verið er að bjóða upp húshjall, sem Jón átti, leggur Sigurður skurður leið sína til Súgandafjarðar með bát, sem hann hefur keypt í Eyjafirði, tvístöfnung, sem Samson heitir, ætlar að búa hann út til hákarlaveiða og fær til þess smið á Súgandafirði, góðan og gegnan mann, að innrétta lestina, koma upp stoðum og smíða kassa undir lifrina. Sigurður leggur kapp á að fá sem mest timbur úr hjalli Jóns heitins, timbur í skilrúm og planka í stoðir.

Svo fer smiðinn að dreyma. Hann er við vinnu sína í lest bátsins úti á höfn, en fer í kænu í land á matmálstímum og leggur sig jafnan eftir matinn. Þá birtist Jón honum í draumi, spyr hann hvort hann vilji gera svo vel að taka til hliðar og flytja aftur í land tré eitt, sem merkt sé upphafsstöfum sínum og komið sé um borð.

Smiðurinn kemur ekki auga á tréð þegar hann kemur um borð aftur og lætur kyrrt liggja. Næsta dag kemur Jón aftur til hans

í draumi og segir, að ekki trúi hann öðru en að hann geri þetta fyrir sig, svo góðir mátar sem þeir hafi verið í lífinu.

Smiðurinn segir nú Sigurði frá draumnum.

Sigurður hristir sig allan og bregzt hinn versti við. Helvítis hégiljur, það fer ekki ein spýta í land, ekki einn hefilspónn.

Jón kemur þá í þriðja sinn í drauma smiðs og segir, að ef hann taki ekki styttna, sem sé í miðri lestinni, þá geri hann það sjálfur.

Smiðurinn fer nú um borð og um leið og hann kemur niður um gatið og er litið yfir verk sitt, kemur hann auga á upphafsstafi Jóns á miðstyttnunni og undrast að hann skuli ekki hafa veitt þeim athygli fyrr.

Nú verður smiðnum ekki um sel og kemur aftur að máli við Sigurð, segir honum, hvers hann hafi orðið vísari.

Gott, segir Sigurður. Ég mundi ekki láta þessa styttnu fyrir nokkurn pening.

Hann sagðist þá mundi losa hana sjálfur.

Látum hann reyna. Sjáum hvað setur. Far þú aftur um borð og haltu áfram með þína vinnu.

Svo stígur Sigurður skurður um borð í Samson sinn þegar verkinu er lokið, fyllir skipið á örskömmum tíma, þjarkurinn, og siglir mikinn á Samson sínum inn fjörð, hefur uppi hverja þjötlu, þaulvanur sjómaðurinn, lærður að auki, eini maðurinn með prófi í Hrótafirðinum. Menn eru fram á, akkerið laust, hver maður á sínum stað, allt eins og það á að vera hjá Sigurði.

Út af Spillinum er sker, sem er í kafi um háflóð, og nú er háflæði, en Sigurður er jafnkunnugur skerinu og buxnastrengnum sínum og skipar að venda til að vera frír af skerinu. Þeir hala inn skautið. En Samson neitar vendingu, þeir reyna aftur og í hið þriðja sinn, en allt kemur fyrir ekki. Þeir bruna beint upp á skerið, og höggið kemur undir miðstyttna og hún gengur upp úr dekkinu.

Þá segir Sigurður:

Skundaði Samson skerið á
í skemmtivindi finum,
laglega stýrði lærður þá
lagsmönnum sínum.

Laglega stýrði fjandinn þá lagsmönnum sínum, segja fjandmenn Sigurðar og hann hlær mikinn þegar hann heyrir nýja botninn“.

Málssókn stefnenda er á því byggð, að með ummælum þessum sé ærumeiðingum beint að Sigurði heitnum Hallbjarnarsyni, eiginmanni stefnandans Ólafar og föður hinna stefnendanna, og er málið höfðað samkvæmt ákvæði 3. mgr. 25. gr. almennra hegningarlaga.

Eru þær dómkröfur gerðar í stefnu, að framangreind ummæli verði dæmd dauð og ómerk, að hinum stefndu Andrésí, Jóhannesi Helga svo og eigendum Setbergs s/f, stefndu Arnbirni og Sigurjóni, verði refsað fyrir ummælin og útbreiðslu þeirra samkvæmt 240. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 13. gr. laga um prentrétt, nr. 57/1956, að allir hinir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sóknaraðiljum kr. 100.000.00 í fégjald samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga og kr. 5.000.00 til að standast kostnað af birtingu dóms í máli þessu samkvæmt 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga svo og málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefnandinn Ólafur lézt hinn 13. júní 1964. Hefur því verið lýst yfir af hálfu sóknaraðilja, að erfingjar Ólafs, sem eru eftirlifandi eiginkona, Ástheiður Sveinsdóttir og ófjárráða dætur þeirra, Helga Jóna Ólöf Edda og Þóra, allar til heimilis á Akranesi, gangi inn í mál þetta í stað Ólafs heitins, að öðru leyti en því, er varðar aðild að refsikröfu.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum sóknaraðilja og þeim jafnframt dæmdur málskostnaður úr hendi sóknaraðilja að skaðlausu.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að hin umstefndu ummæli eigi ekki við Sigurð heitinn Hallbjarnarson. Í grein, sem stefndi Jóhannes Helgi ritaði í Morgunblaðið hinn 13. marz 1963 af því tilefni, að nokkur blaðaskrif höfðu orðið út af umræddum kafla bókarinnar, kveður hann við samningu bókarinnar mörgu hafa verið hnikað til í tíma og rúmi til að ná því, sem sagan þarfnaðist. Það form, sem sögunni hafi verið valið, réttlæti tilfærslur á sagnfræðilegum staðreyndum. Sú persóna, sem fram komi í kaflanum, sé þjóðsagnarpersóna, er sameini ýmsa eðlisþætti vestfirzkra sjómanna fyrr á tímum, gráa og kuldalega glettni Sigurðar skurðs og harðfengi á borð við Sigurð Hallbjarnarson.

Við munnlegan flutning málsins hafa varnarrök stefndu m. a. verið byggð á því, sem kemur fram í þessari grein stefnda Jóhannesar Helga. Þá er því og haldið fram, að við lestur bókarinnar beri að hafa það í huga, sem segir á bls. 11 í bókinni, að

sögumanni, þ. e. stefnda Andrésí, geti skeikað um eftirnöfn manna og honum hætti til að ýkja og færa frásögnina í stílinn.

Eins og áður er rakið, kemur fram á titilblaði umræddrar bókar, að hún hafi að geyma æviminningar stefnda Andrésar Péturssonar Matthíassonar, skrásettar af stefnda Jóhannesi Helga. Þegar sá kafli bókarinnar, sem hér er fjallað um, er virtur með hliðsjón af stíl bókarinnar í heild, þá þykir þar vera um að ræða hluta af svo sjálfstæðu ritverki frá hendi stefnda Jóhannesar Helga, að skilyrði séu ekki fyrir hendi, til að aðrir hinna stefndu en hann beri refsí- eða fébótaábyrgð á ummælum þeim, sem fram koma í kaflanum. Þykir því rétt að sýkna stefndu Andrés Pétursson Matthíasson, Arnbjörn Kristinsson, Sigurjón Kristinsson persónulega og fyrir hönd Setbergs s/f af refsí- og fjárkröfum sóknaraðilja í máli þessu.

Ekki verður annað af hinum tilvitnaða kafla bókarinnar ráðið en að Sigurður skurður og Sigurður Hallbjarnarson hafi verið einn og sami maðurinn. Ekki er þó vefengt af hálfu stefnda Jóhannesar Helga, að þar sé um tvo menn að ræða og að Sigurður Hallbjarnarson hafi ekki borið viðurnefnið „skurður“. Það er heldur eigi vefengt, að þessi kafli bókarinnar gefi ekki rétta lýsingu á Sigurði Hallbjarnarsyni. Jafnvel þótt stefndi Jóhannes Helgi hafi með lýsingu þessari ætlað að skapa sérstaka þjóðsagnapersónu, þá verður eigi á það fallið, eins og atvikum er hér háttað, að af þeirri ástæðu beri að hrynda kröfum sóknaraðilja. Hinn tilvitnaði kafli bókarinnar, að undanskilinni setningunni „Gísli hræðist ekki neitt í þessum heimi“, þykir í heild varpa slíkri rýrð á minningu Sigurðar heitins Hallbjarnarsonar, að það varði við 240. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing stefnda Jóhannesar Helga hæfilega ákveðin 1.000 króna sekt í ríkissjóð, en sæta skal Jóhannes Helgi varðhald í tvo daga, verði sektin eigi greidd innan aðfararfrests í máli þessu. Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga þykir mega ómerkja hinn tilvitnaða kafla bókarinnar í heild, að undanskilinni setningunni „Gísli hræðist ekki neitt í þessum heimi“.

Ekki þykir grundvöllur til að dæma sóknaraðiljum fégjald samkvæmt ákvæði 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga, og verður stefndi Jóhannes Helgi sýknaður af þeirri kröfu. Rétt þykir að skylda stefnda Jóhannes Helga til að greiða sóknaraðiljunum Ólöfu, Guðrúnu, Agnesi, Sigrúnu, Þórði, Leifi, Karli og Rafni fégjald til að standast kostnað af birtingu forsendna og niðurstöðu dóms í máli þessu samkvæmt ákvæði 2. mgr. 241. gr.

almennra hegningarlaga, og þykir gjald þetta hæfilega ákveðið kr. 1.000.00. Eftir þessum úrslitum málsins verður stefnda Jóhannesi Helga gert að greiða sóknaraðiljunum Ólöfu, Guðrúnu, Agnesi, Sigrúnu, Þórði, Leifi, Karli og Rafni alls kr. 4.500.00 í málskostnað, en rétt þykir, að málskostnaður gagnvart sóknaraðiljunum Ástheiði Sveinsdóttur persónulega og fyrir hönd dætra hennar, Helgu Jónu, Ólafar Eddu og Þóru, falli niður. Þá þykir og rétt, að málskostnaður sóknaraðilja gagnvart stefndu Andrési, Arnbirni, Sigurjóni persónulega og fyrir hönd Setbergs s/f falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndu Arnbjörn Kristinsson og Sigurjón Kristinsson persónulega og fyrir hönd Setbergs s/f og Andrés Pétursson Matthíasson skulu vera sýknir af kröfum sóknaraðilja, Ólafar Guðmundsdóttur, Guðrúnar Sigurðardóttur, Agnesar Sigurðardóttur, Sigrúnar Sigurðardóttur, Þórðar Sigurðssonar, Leifs Sigurðssonar, Karls Sigurðssonar, Rafns Sigurðssonar og Ástheiðar Sveinsdóttur, persónulega og fyrir hönd ófjárráða dætra hennar, Helgu Jónu, Ólafar Eddu og Þóru, en málskostnaður gagnvart þeim fellur niður.

Stefndi Jóhannes Helgi greiði kr. 1.000.00 í sekt til ríkissjóðs, en sæti ella varðhaldi í tvo daga, verði sektin eigi greidd innan aðfararfrests í máli þessu. Stefndi Jóhannes Helgi greiði stefnendunum Ólöfu Guðmundsdóttur, Guðrúnu Sigurðardóttur, Agnesi Sigurðardóttur, Sigrúnu Sigurðardóttur, Þórði Sigurðssyni, Leifi Sigurðssyni, Karli Sigurðssyni og Rafni Sigurðssyni kr. 1.000.00 til að standast kostnað af birtingu forsendna og niðurstöðu dóms í máli þessu svo og kr. 4.500.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.